

verður ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins fyrir merkjadóminum, heimvísa málinu og skylda merkjadóminn til að taka málið upp að nýju.

Málskostnað fyrir hæstarjetti greiði stefndu áfrýjanda og ákveðst hann 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins fyrir merkjadóminum á að vera ómerk og vísað málinu heim til nýrrar og löglegrar meðferðar.

Stefndu, Eiríkur Torfason, Jón Bjarnason, Árni G. Þóroddsson, Ófeigur Ófeigsson, Eyjólfur Guðlaugsson og Símon Guðmundsson, greiði, allir fyrir einn og einn fyrir alla, áfrýjanda Matthíasi Þórðarsyni 150 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. febr. 1922.

Nr. 24/1921.

Valdstjórnin

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

Hans Hirtz

(Björn P. Kalman).

Brot á 1. og 5 gr. laga nr. 91/1917, um aðflutningsbann á áfengi

Dómur lögreglurjettar Siglufjarðarkaupstaðar 21. sept. 1921: Kærður, skipstjóri Hans Hirtz,

greiði í sekt í ríkissjóð 1000 kr. Allt áfengi, sem þýska skipið m./s. Baldur hafði meðferðis, sje upptækt og eign ríkissjóðs. Kærður Friedrich Wilhelm Wienecke greiði 1000 kr. í sekt til ríkissjóði.

Svo greiði hinir kærðu in solidum allan af rannsókn og máli þessu leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Dómi lögreglurjettarins hefir verið áfrýjað að eins að því er snertir kærða, skipstjóra Hans Hirtz.

Ný sakargögn hafa verið útveguð og þau lögð fram í hæstarjetti.

Þegar litið er til þess, að mjög er ósennilegt, að áfengisfarmur, er fara á frá Hamborg til Gautaborgar, og tók tiltölulega mikinn hluta af lestarrúmi skipsins, sje sendur þvert úr leið um svo langan veg sem til Íslands, að maður sá, er samkvæmt farmskírteininu vart talinn viðtakandi farmsins í Gautaborg, fanst þar ekki, að farmskjölin voru ekki útbúin sem hjerlend lög mæla fyrir um farmskjöl verslunarskipa, að nokkuð af áfengisfarminum var falið í salttunnunum, að meira var af spíritus í skipinu en farmskírteinið tilgreindi, að af tölu kassa utan af koníaki, er fundust í skipinu, má ráða, að meira hafi verið afhent af áfengisfarminum en upplýst er í prófum málsins, að allmikið áfengi var selt og flutt í land að næturþeli á Siglufirði, að kaupendur áfengis þess hafa borið það, að þeir hafi rætt um kaupin við kærða og skilið hann svo, sem við hann væri samið um þau og áfengið átt að greiðast með sild, að kærði hefir ekki gert fulla grein fyrir með hverju hann greiddi sild þá, er hann keypti, og að það *hinsvegjar* er alls ósennilegt, að ferðin hafi verið gjörð

til Siglufjarðar til að kaupa síld í það lestarrúm, sem afgangur var áfengisfarminum, þá er ekkert mark takandi á farmskrírteini skipsins yfir áfengið, og verður enginn trúnaður lagður á þá skýrslu kærða, að áfengið hafi átt að fara til Gautaborgar, en ekki verið ætlað til innflutnings og afhendingar hjer við land. Og er það þá nægilega sannað, að kærði hafi orðið sekur um brot gegn 1. gr. laga nr. 91, 14. nóv. 1917, enda verður ekkert tillit tekið til skýrslu kærða um að stýrimaðurinn hafi selt áfengið úr skipinu án vilja hans og vitundar.

Ennfremur er það sannað, að um leið og kærði sýndi skipsskjölin, undirritaði hann á skrifstofu lögreglustjóra ranga yfirlýsingu á dönsku þess efnis, að ekkert áfengi væri í skipinu, og leiddi þetta til þess, að áfengið var ekki innsiglað þegar eftir komu skipsins. Hefir kærði með þessu gjörst brotlegur gegn 5. gr. fyrnefndra laga.

Samkvæmt framansögðu er kærði sekur um brot gegn 1. og 5. gr. laga nr. 91, 14. nóv. 1917. Hið ólöglega innflutta áfengi á upptækt að vera og eign ríkissjóðs, og þar sem álita verður að áfengið hafi verið ætlað til sölu, ákveðst refsingin samkv. 14. og 15. gr. laganna 1000 kr. sekt til ríkissjóðs, og að auki tveggja mánaða einfalt fangelsi.

Málskostnaðarákvæði lögreglurjettardómsins verður að standa óraskað, en kærði greiði allan kostnað málsins fyrir hæstarjetti, þar með talið málflutningskaup til sækjanda og verjanda 200 kr. til hvors.

Það er aðfinningarvert við meðferð málsins í hjeraði að þrjú vitni hafa verið eiðfest tvisvar sinnum,

Því dæmist rjett vera:

Kærði Hans Hirtz greiði 1000 króna sekt í rikissjóð og sæti auk þess einföldu fangelsi í tvo mánuði. Hið ólöglega innflutta áfengi skal upptækt og eign rikissjóðs.

Málskostnaðarákvæði lögreglurjettardómsins skal óraskað, en kærði greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talið málflutningskaup til skipaðs sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Björns P. Kalman, 200 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er þannig vaxið, að kærðu, Hans Hirtz og Friedrich Wilhelm Wienecke, hinn fyrnefndi sem skipstjóri, hinn síðarnefndi sem stýrimaður, komu hingað á höfnina á þýsku skipi, sem heitir Baldur þ. 5 þ. m. Sama dag kemur skipstjórinn hingað á skrifstofuna til að greiða skipagjöldin og sýnir þá mælingarbrjef skipsins og er þá lagt fyrir hann að útfylla áfengisvottorð, sem var á dönsku, um áfengisbirgðir í skipinu, sem svo skipstjórinn útfyllir og gefur í því ekkert upp að hann hafi áfengi meðferðis, heldur undirritar vottorðið og útfyllir eins og hann hefði ekkert áfengi og ber vottorðið með sjer að skipið hafi ekkert áfengi meðferðis. Eins og síðar kom á daginn hafði skipið meðferðis skipsforða af áfengi og auk þess um 23 smálestir af áfengi sem farm, er samkvæmt farmskirteini skipstjórans er síðar kom fram, á að fara til August W. Jakobsson í Gautaborg, en eigi hefir vörumóttakandinn eða utánáskrift hans fyrirfundist að því er lögreglustjórinn í Gautaborg vottar; og er á farmskirteinið skráður sem sendandi að þessum farmi, firma í Hamburg, Sturm & Bülck. Eftir að skipið hafði legið hjer nokkra daga komst lögreglan eftir því, að áfengi mundi flutt frá

borði, og í prófum, sem haldin voru í málinu, hefir kærði, skipstjórinn Hans Hirtz, jatað að hafa flutt frá borði og í land 6 flöskur til neytslu á privat dansleik hjer og enn fremur að hafa selt hjer á höfninni 2 flöskur, hvortveggja af áfengisforða skipsins, en ekki af farminum. Í þessum prófum kannaðist skipstjórinn og við að hafa áfengisfarm meðferðis og skipsforða og gaf að nýju skýrslu um áfengið, sem kemur heim við farmskirteinið yfir áfengisfarminn, en við rannsókn áfengisins og flutning frá borði, sem framkvæmt var eftir úrskurði dómarsins, til þess að sannprófa áfengisbirgðirnar, hefir áfengisfarmurinn í skipinu reynst 5 flöskum á 25 lítra = 125 lítrum meira en uppgæfið af skipstjóra og farmskirteinið hljóðar upp á. En kærði Hans Hirtz, skipstjórinn, neitar að hafa selt af áfengisfarmi skipsins, nje að hafa vitað um það, að selt væri af farminum, en viðurkennir, að stýrimaðurinn muni hafa selt í land af áfengisfarminum. Hefir stýrimaðurinn á skipinu, meðákærði Friedrich Wilhelm Wienecke, jatað að hafa selt í land af áfengisfarminum án vitundar og vilja skipstjórans Hans Hirtz.

Með lögum nr. 91, 14. nóv. (sic) sbr. einkum 5. gr. 3. málsg. er skipstjóra, sem kemur frá útlöndum, skylt að tilkynna lögreglustjóra um leið og hann sýnir skipsskjölin hvort nokkuð áfengis sje í skipinu og hvað mikið. Þetta hefir kærði Hans Hirtz alls ekki gert og álist hann fyrir brot á þessu ákvæði að hafa brotið tjeð lög sem sá, er skýtur áfengi undan innsiglan. Auk þess hefir kærði skrifað undir áfengisvottorð um að hafa ekki áfengi og þótt kærður haldi því fram, að hann hafi ekki skilið vottorðið, sem var á dönsku o. m. a. inniheldur orðið „spirituosa“, þá verður eigi hægt að taka slíka mótbáru til greina, þareð hann verður sjálfur að bera ábyrgð á, hvað hann skrifar undir, og álist kærði á sama hátt fyrir þetta að hafa gerst brotlegur gegn tjeðum lögum, sem sá er skjóti áfengi undan innsiglan.

Kærði Hans Hirtz skipstjóri á þýska skipinu m. s. Baldur hefir því gjörst brotlegur gegn 1. gr. og 5. gr. laga nr. 91, 14. nóv. 1917 sbr. 14. og 16. gr. sömu laga. Þykir hegningin hæfilega ákveðin 1000 kr. sekt í ríkissjóð og að áfengi það er skipið hafði meðferðis sje upptækt og eign ríkissjóðs.

Kærði Friedrich Wilhelm Wienecke hefir því gerst brotlegur gegn tjeðum lögum fyrir sölu áfengis og álist sektin hæfilega ákveðin 1000 kr., er rennur í ríkissjóð.

Svo greiði binir kærðu in solidum allan af rannsókn og máli þessu leiðandi kostnað.

Það vottast, að rekstur málsins í hjerði hefir verið lögmætur.

Mánudaginn 27. febr. 1922.

Nr. 31/1921.

Valdstjórnin

(Pjetur Magnússon)

gegn

Otto Eisenhardt

(Björn P. Kalman)

útaf broti á 1. gr. laga nr. 91/1917, um aðflutningsbann á áfengi.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 28. des. 1921: Kærður, Otto Eisenhardt, greiði 800 króna sekt. til ríkissjóðs og sæti auk þess einföldu fangelsi í 3 mánuði.

Hið ólöglega innflutta áfengi skal upptækt og eign ríkissjóðs.

Kærður greiði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Meðal nýrra skjala, sem aflað hefir verið eftir uppsögn lögreglurjettardómsins, er frumskýrsla lögreglustjórnarinnar í Hamborg frá 23. desbr. f. á. Segir þar meðál annars, að samkvæmt farmsamningi, gerðum 30. nóv. s. á., sem ekki hefir komið fram í málinu, hafi hjerumrætt skip »Wilhelm Reinhold« verið leigt »undir farm af spritti til Íslands, ca. 15--20 tonn«, gegn 120,000 marka leigu og 8000 marka viðbótarleigu fyrir hvern dag, »ef ferðin skyldi